22
2. jan.

Auglýsing

um útvegun á girðingarefni um árið 1906.

Stjórnarráðið útvegar á yfirstandandi ári, samkvæmt lögum um gaddavirsgirðingar frá 20. október 1905 og ákvæðum auglýsingar þessarar, girðingarefni fyrir sýslufjelög, sveitarfjelög, búnaðarfjelög og samvinnukaupfjelög.

Girðingarefnið er sams konar og getur um í auglýsing stjórnarráðsins frá 1. október 1904, sbr. reglugjörð 24 maí s. á.

Fyrir hvert fjelag útvegar stjórnarráðið ekki minna af hverri tegund girðingarefnisins en hjer greinir:

100	pund	af gaddavír,	áætlað	verð	. . . . .			11	kr.
100	styкki	af járnteinum,	65	þml.	löngum,	áætlað	verð	30	kr.
100	—	—	52	—	—	—	—	24	kr.
100	—	—	42	—	—	—	—	20	kr. 50 a.
100	—	—	33	—	—	—	—	18	kr.
100	—	—	24	—	—	—	—	14	kr.
100	—	vinkilbeygðum	járnstólpum	65	þml.	löngum,	áætlað verð	45	kr. 50 a.
100	—	af flötum	—	43	—	—	— —	23	kr.

Girðingarefnið verður eigi flutt á aðrar hafnir en þær, þar sem strandferðaskipin eiga að koma við, og ber í pöntununum að tilgreina, á hverja höfn það skuli senda og hver veiti því þar móttöku. Eptir að girðingarefnið er komið á höfnina, er það í ábyrgð kaupanda. Girðingarefnið verður sent á hinar tilteknu hafnir svo snemma á næsta sumri, sem auðið er. Móttakanda ber strax eptir móttöku efnisins að rannsaka vottfast, hvort hann hafi fengið allt það efni, er hann átti að fá, og ef nokkuð vantar, gjöra skipstjóra þegar aðvart, ef fært er, og senda stjórnarráðinu tafarlaust tilkynning um, hvað vanti.

Beiðnum um útvegun á girðingarefni skal fylgja í peningum verð þess girðingarefnis, sem beðið er um, samkvæmt verðskrá þeirri, sem stendur hjer á undan. Í stað peninga má og senda ávísun fyrir upphæðinni á Landsbankann eða Íslandsbanka í Reykjavík, ef bankastjórnin hefir ritað á ávísunina, að upphæð hennar verði greidd stjórnarráðinu af bankanum, er stjórnarráðið krefst þess.

Beiðnir frá hreppsnefndum um útvegun á girðingarefni skulu vera undirritaðar af meðlimum hreppsnefndarinnar og á þær vera ritað samþykki sýslumanns fyrir hönd sýslunefndar. Beiðnir um sama frá sýslunefndum gefur sýslumaður út eptir ákvæðum nefndarinnar.

Beiðnum frá búnaðarfjelögum og samvinnukaupfjelögum skulu fylgja vottorð frá hlutaðeigandi sýslumanni um, að fjelagið sje búnaðarfjelag eða samvinnukaupfjelag, og að stjórn fjelagsins hafi undirritað beiðnina til stjórnarráðsins; ber að sýna sýslumanni lög fjelagsins, ef hann krefst þess, og láta honum í tje aðrar nauðsynlegar upplýsingar, áður en hann gefur vottorð þetta út.

Beiðnir um útvegun á girðingarefni samkvæmt framansögðu verða að vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 1. apríl næstkomandi.

I stjórnarráði Islands, 2. janúar 1906.

H. Hafstein. *Jón Hermannsson.*